

Mál nr. 195/2009
M v bifreiðarinnar A og
Vátryggingarfélagið V v. ábyrgðartryggingar eiganda lyftara B

Árekstur bifreiðar og lyftara þ. 15.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Lögregluskýrsla dags. 15.12.2008. og ljósmyndir.
3. Bréf V dags. 9.6.2009.

Málsatvik.

Árekstur varð með A sem var ekið vestur Grímseyjargötu á Akureyri og inn á Laufásgötu og beygt þar til suðurs og lyftarans B sem veir ekið norður Laufásgötu. Ökumaður A segist hafa allt í einu lent á lyftaranum og ekki hafa séð til ferða hans fyrir en hann lenti á honum þar sem að lyftarinn hafi verið ljóslaus með öllu. Ökumaður B segist hafa séð til ferða A og hafi náð að stöðva B áður en árekstur varð, en B hafi verið ljóslaus og þá viðurkenndi ökumaður B að vera réttindalaus. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir ökumann A ekki hafa virt stöðvunarskyldu og hafi tekið þrönga vinstri beygju með þeim afleiðingum að hann hafi ekið á B, þá segir V að góð lýsing hafi verið á vettvangi. Ökumaður A segir fullyrðingar V rangar að því leyti m.a. að lýsing hafi ekki verið góð á vettvangi, þá hafi ökumaður A ekki tekið þrönga vinstri beygju og ástæða árekstursins eingöngu þá að ökumaður A sá ekki B vegna ljósleysis B fyrir en árekstur varð.

Álit.

Í umrætt sinn var B ekið ljóslausum í myrkri á vettvangi og verður ekki annað séð en það sé orsök árekstursins og ber B því alla sök. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu lyftarans B, hjá V.

Reykjavík 30.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.